

Fundargerð

stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 12/2020 haldinn föstudaginn
24. apríl 2020 kl. 11:00.

Fundarmenn: Haraldur Flosi Tryggvason, Heiða Björg Hilmisdóttir, Laufey Ólafsdóttir og Sigrún Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

1. Borgarráð: tillögur um niðurfellingu leigu og breytingar á innheimtu

Fyrir fundinum lágu tillögur sem lagðar voru fram í borgarráði 26. mars sl. um niðurfellingu leigu og breytingar á innheimtu vegna áhrifa COVID 19 og bréf frá Blokkinni, félagi leigjenda Félagsbústaða með kröfu um niðurfellingu leigu í tvo mánuði af sömu ástæðum. Einnig var lögð var fram samantekt framkvæmdastjóra um tillögurnar og áhrif þeirra á starfsemi Félagsbústaða ásamt minnisblaði frá Forum lögmönnum um umgjörð innheimtu Félagsbústaða í þessu samhengi.

Samkvæmt eignendastefnu Félagsbústaða skal tryggt að reksturinn sé sjálfbær og að veltufé frá rekstri skuli standa undir afborgunum lána. Leiguverð og aðrar tekjur ásamt ráðdeild í rekstri eiga ávallt að tryggja sjálfbæran rekstur.

Niðurfelling leigu í einn mánuð nemur tæpum 310 mkr. og myndi samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun leiða til þess að handbært fé yrði neikvætt um tæpar 200 mkr. á árinu 2020 og væri öðrum mánuði bætt við ykist hallinn um 310 mkr. að óbreyttu.

Þegar hafa verið settar reglur í samræmi við fyrstu aðgerðir borgarinnar til viðspyrnu vegna COVID 19 sem heimila greiðsluáðlögun til þeirra sem orðið hafa fyrir atvinnumissi eða tekjufalli. Einnig hefur verið hægt á málum sem snúa að greiðsluáskorunum og kunna að leiða til riftunar leigusamninga.

Stjórn hefur lagt áherslu á að komið skuli til móts við leigjendur eins og frekast er unnt innan þessa ramma.

Í ljósi markmiða um sjálfbærni var stjórnin sammála um að ekki væri unnt að fella niður leigu í einn eða fleiri mánuði nema til kæmu sérstakar greiðslur til að mæta tekjutapinu.

2. Áhrifaskýrsla félagslegra skuldabréfa

Fyrir fundinum lá fyrsta áhrifaskýrsla Félagsbústaða vegna útgáfu félagslegra skuldabréfa á árinu 2019. Skýrslan hefur verið yfirfarin af endurskoðanda félagsins.

Lagt fram til kynningar.

3. Launaáætlun: endurskoðun og kjarasamningar

Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu sem hafin er við endurskoðun fjárhagsáætlunar, breytingar á stjórnskipulagi og starfsmannahaldi. Einnig var farið yfir áherslum í kjarasamningsviðræðum vegna kjarasamnings Félagsbústaða og Sameykis.

4. Endurskoðunarnefnd: erindi

Lagt var fram erindi til stjórnarinnar frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar dags. 16. apríl um bætt eftirlit nefndarinnar með viðbrögðum við ábendingum innri og yrtri endurskoðenda.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12.00

Haraldur Flosi Tryggvason,

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir

Sigrún Árnadóttir